

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gisti- og veitingastaði frá 30. júní 1964.

### 1. gr.

Á eftir 49. gr. reglugerðarinnar komi ný gr., sem verði 50. gr., og breytist greinatala reglugerðarinnar í samræmi við það. Hin nýja gr. er svo hljóðandi:

„Sé um að ræða gistiherbergi á einkaheimilum, sem leigð eru gestum fyrir milli-göngu gistihúsa eða annarra aðila hluta ársins, skulu eftirfarandi kröfur gerðar:

Gestaherbergi skal vera hreint og án raka og veggfóður og málning gallalaus. Gluggatjöld skulu vera hrein og ógölluð. Rúmstæði skulu vera minnst 190 cm á lengd og 80 cm á breidd. Í hverju svefnstæði skal vera hrein dýna, og koddar og sængur skulu fyllt lyktarlausu efni. Séu baðherbergi eða snyrtiklefar notuð bæði af heima-fólki og gestum, skal þar aðeins að finna hreinlætistæki með tilheyrandi nauðsynj-um. Í baðherbergjum skulu vera sérstök handklæði til nota fyrir gesti, og skal skipta um þau eftir þörfum“.

### 2. gr.

71. gr. reglugerðarinnar, sem verður 72. gr. orðist þannig:

„Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum reglu-gerðar þessarar, þó því aðeins að því er varðar eftirtalin ákvæði:

Í 5. gr. um almennar setustofur.

Í 9. gr. um að kerlaug eða steypibað skuli fylgja hverju herbergi.

Í 11. gr. um að tvennar hurðir skuli vera milli svefnherbergis og hótélgangs, svo og í 43. gr., um sama efni, að því er varðar gistiheimili.

Í 12. gr. og 33. gr., um lengd og breidd rúma.

Í 13. gr., um síma og útvarp í hverju herbergi.

Í 15. gr., um að snyrtiherbergi starfsfólks séu aðskilin frá snyrtiherbergjum gesta.

Undanþágur þær, sem hér um ræðir, séu því aðeins veittar, að um minni háttar rekstur sé að ræða og að sérstaklega standi á, að dómi heilbrigðiseftirlitsins.

Enn fremur er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá 35., 36., 41., 42. og 49. gr. sé um að ræða gistiherbergi á einkaheimilum samkv. 50. gr.

### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 20. apríl 1963, um veitinga-sölu, gístaðahald o. fl., birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 5. mars 1974.*

**Björn Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*